

Fundargerð

31. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn í D-fundarsal ÍSÍ fimmtudaginn 1. febrúar 2018.

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Fríða Rún Þórðardóttir, Guðlaug Baldvinsdóttir, Lóa Björk Hallsdóttir, Gunnar Svavarsson, Eiríkur Mörk Valsson og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri FRÍ.

Formaður setti fund klukkan 16:30 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fjallað um boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 30. fundar staðfest milli funda. Staðfest rafrænt forskráning á HM í hálfu maraþoni.

2. Siðareglur og siðamál

Vísað til næsta fundar.

3. Meistaramót Íslands, innanhús – Erindi ÍF

Stjórn FRÍ fjallar um erindi ÍF vegna MÍ. Erindið hefur m.a. verið rætt við mótshaldara auk fleiri aðildarfélög. Stjórnin samþykkir að ekkert komi í veg fyrir að ÍF nýti sér keppnisaðstöðuna sem er til staðar, en keppni á vegum ÍF sé haldin í framhaldi af keppni aðildarfélaga FRÍ. Stefnt er að mótslokum á MÍ af hálfu FRÍ klukkan 15.00. Hvað varðar mótspjónustu fyrir ÍF þá þarf ÍF að semja um það við einstaka aðildarfélög FRÍ sem koma að mótshaldinu eða ÍF sjái alfarið um mótspjónustuna.

4. Fjármál

Gjaldkeri gerir grein fyrir stöðu á ársuppgjöri 2017. Jafnframt gera gjaldkeri og framkvæmdastjóri grein fyrir stöðu við lokafrágang tillögu að fjárhagsáætlun 2018. Vísað til yfirferðar skrifstofuhóps og stefnt að afgreiðslu á næsta fundi.

5. Starfsmannamál

Formaður og framkvæmdastjóra ræða um stöðu verkefnastjóra. Hugmyndir um verkefnastjórastöðu eða -stöður 2018. Vísað í vinnu um fjárhagsáætlun.

6. Styrktarmál

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stuðning fyrirtækja m.a. vegna ferðakostnaðar. Framkvæmdastjóra falið að ná fram sem bestum og skilvikustu samningum í þeim styrktarverkefnum sem standa yfir hverju sinni.

7. Íþróttamiðstöðin Laugarvatni

Formaður gerir grein fyrir hugmyndum Bláskógabyggðar um nýtingu á Íþróttamiðstöðinni Laugarvatni. Stjórnin óskaði eftir nánari kynningu frá heimamönnum og stefnt að því að fara að Laugarvatni, kynna sér aðstæður og ástand vallar.

8. Íþróttamiðstöð ÍSÍ Laugardal

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir að ÍSÍ hefði hafið rýnivinnu vegna hugsanlegra breytinga á húsnæðinu í Laugardal. Málið rætt m.a. um opið eða verkefnamiðað

vinnuumhverfi. Framkvæmdastjóra falið að koma hugmyndum FRÍ á framfæri á rýnifundi með hönnuðum á vegum ÍSÍ.

6. RIG

Rætt um framkvæmd mótssins. Aðilar gerðu grein fyrir sínum verkefnum. Ljóst að mótið er umfangsmikið og kostar verulega starfskrafta en einnig fellur alltaf til verulegur kostnaður vegna erlendra keppenda. Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir að styrktaraðilar og auglýsendur séu það margir að tap verði ekki á mótinu í ár.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið með söng á laginu Hooked on a Feeling með Blue Swede frá 1974, nákvæmlega kl.18:25.

Ritun fundargerðar: Gunnar Svavarsson.